

FERÐAMÁLASTEYFNA AKUREYRARBÆJAR 2016 - 2026

- Verkefni ekki hafð / ekki komið af stað
- Verkefni í vinnslu
- Verkefni lokið

Verkefni	Staða	Hvað hefur verið gert & næstu skref / athugasemdir
Allar Árstíðir		
1. Gistinóttum yfir lágönn (október - maí) fjölgir um 12%		
Að þrýsta á auknar rannsóknir á ferðapjónustu og bætt aðgengi að niðurstöðum svæðisbundinna rannsókna, samanber áætlanir stjórnvalda í Vegvísi í ferðapjónustu.		
1 Samstarf við Rannsóknarmst. ferðamála um hvaða rannsókn er þörf fyrir svæðið	●	Rannsóknir sem AKS hefur komið að: *Skemmtiferðaskip á Akureyri: Forkönnun meðal farþega 2017 - Útgáfa 2018 *Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar - Útgáfuár 2018 *Ferðamenn í Grímsey sumarið 2018 - Útgáfa 2018 *Skemmtiferðaskip á Akureyri - farþegakönnun 2018. Rannsóknir og samstarfsverkefni sem taka til ýmissa þátta er varða komur skemmtiferðaskipa og farþega þeirra til Íslenskra hafna. - Útgáfa 2019
		Aðrar kannanir sem RMF hefur unnið fyrir svæðið: *Móttaka skemmtiferðaskipa á Norðurlandi (viðtalsrannsókn) ... það er bara hver á að taka af skarið... - Útgáfa 2017 *Viðhorf ferðamanna í flugi milli Keflavíkur og Akureyrar - útgáfuár 2018 *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðapjónustu - útgáfa 2018 *Markaðsrannsókn fyrir Markaðsstofu Norðurlands - stefnt að ljúka í lok 2019
	●	Keyptar hagtölur frá Hagstofunni varðandi gistináttagögn fyrir Akureyri amk 1 - 2 sinnum á ári. Verið að skoða kaup á gögnum frá KPMG varðandi AirBnB
2 Samstarf við menntastofnanir um lokaverkefni	●	Farþegakönnun meðal flugfarþega SuperBreak veturinn 2018-2019 - nemar við Háskólann á Hólum. - Lokið vor 2019
Unnin mörkun (branding) fyrir Akureyri til að byggja upp aukna vitund um Akureyri sem áfangastað í hugum innlendra og erlendra ferðamanna. Út frá mörkuninni verði unnið nýtt markaðsferni fyrir Akureyri.		
3 Hafin undirbúningur að mörkun (branding) f. Akureyri	●	Stefnt er að undirbúningur hefjist í lok árs 2019 og að vinna við sjálfa mörkun fari fram á árinu 2020
Samstarf ferðapjónustuaðila á Akureyri verði eftt enn frekar. Það verði gert með áframhaldandi samráðsfundum ferðapjónustuaðila og aukinni eða bættri upplýsingagjöf.		
4 Samráðsfundir ferðapjónustunnar 4-5 á árinu	●	Fundir eru haldnir á veturna - yfirleitt á tímabilinu október til apríl
5 Gefin út a.m.k. þrjú fréttabréf fyrir ferðapjónustuaðila	●	Send út í sept/okt, febrúar og maí/júní til innlendra og erlendra ferðaskrifstofa. *Óformlegri tilkynningar og fréttabréf eru send út oftar á aðila hér fyrir norðan og einnig nýttur Facebook hópur "Ferðapjónustuaðilar á Akureyri" þar sem dreift er fréttum af fundum og öðru er viðkemur ferðapjónustu og svæðið í heild.
Aukið samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi til að styrkja svæðið í heild m.a. með reglulegum fundum ferðamálafulltrúa í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, samstarfsverkefnum og stefnumarkandi stjórnunaráætlun landshlutans (Destination Management Plan (DMP)) samkvæmt nýjum Vegvísi í ferðapjónustu október 2015).		
6 Þátttaka í þróun Bird Trail verkefni	●	Akureyrarstofa leiddi vinnu við útgáfu á bæklingi sem kom út í lok árs 2016, samstarfsverkefni sveitarfélagin við Eyjafjörðinn með styrk frá Sóknaráætlun. Bæklingnum var fylgt eftir með þátttöku á sýningu í Bretlandi auk þess sem fuglaskoðun er kynnt á vefnum með rafrænu eintaki af bæklingum á íslensku og ensku. Bæklingurinn til sölu hjá Uppl.míðstöð ferðamála og dreift á fuglasýningum og kynntur á öðrum ferðasýningum.
7 Útgáfa á fuglaskoðunarbæklingi	●	Lokið
8 Aukið samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi til að styrkja svæðið í heild	●	Akureyrarstofa er virkur þátttakandi í Arctic Coast Way, en Akureyrarstofa var frumkvöðull að því verkefni og tekur virkann þátt í vinnuhópum og við umsókn styrkja fyrir verkefnið. Tekur þar að auki þátt í Birdtrail, Ski Iceland og er núna í vinnuhóp varðandi kynningarefni um gönguleiðir á Norðurlandi
Hlíðarfjall verði þróað sem heilsárs útivistarsvæði og lögð verði enn meiri áhersla á fjallið sem einn af helstu seglum Akureyrar. [Eftirfylgni: Íþrótt- og tómstundafulltrúi, forstöðumaður Hlíðarfjalls, Akureyrarstofa]		
9 Yfirferð á kynningar efni bæjarins & efla kynningu á Hlíðarfjalli	●	Verið er að uppfæra efni og gera nýja útgáfu af upplýsingasiðu bæjarins www.visitakureyri.is og er stefnt á opnun vorið 2019. Búið er uppfæra og laga www.visitgrimsey.is og www.hrisey.is auk þess sem samfélagsmiðlar (FB, Instagram og Twitter) eru öflugir fyrir Akureyri, Hrísey og Grímsey. Reglulega eru gerðir bæklingar fyrir Hrísey og Grímsey og árlegt samstarf um útgáfu á Akureyri Guide og efni bæklingins yfirfarið árlega. Samstarf um kynningu á Hlíðarfjalli hefur aukist og farið hefur verið í sértækt átak veturinn 2019. Veturinn 2019 var gert nýtt götukort af Akureyri sem sýnir helstu þjónustubætti og áhugaverða staði - sem er mjög prentvænt og deilt er til ferðaskrifstofa.
10 Þróun á sumarafþreyingu í Hlíðarfjalli	●	*Haustið 2016 hófst skoðun á mögulegri aðkomu einkaaðila að uppbyggingu á svæðinu í Hlíðarfjalli og er sú vinna enn í gangi. Hlíðarhryggur ehf. stofnaður árið 2017. *Fristundaráð opnaði á sumarafþreyingu með opnun skíðalyftu sumarið 2018 sem einnig verður boðið sumarið 2019. *Mikil uppbygging hefur orðið á fjallahjólaleiðum í fjallinu
11 Kanna fjármögnun nýrrar lyftu í Hlíðarfjalli	●	Vinna við uppsetningu hafinn og stefnt er að opnun lyftunnar veturinn 2019/2020

2. Komið verði á reglubundnu millilandaflugi allt árið um Akureyrarflugvöll		
12	Áframhaldandi stuðningur við AIR66	● Auk þess að styrkja verkefnið beint hafa bæjaryfirvöld beitt sér með pólitískum stuðningi við verkefnið. Super Break hóf að fljúga til Akureyrar frá jan til mars 2018 með alls 14 brottfarir (fyrirhugaðar voru 8 en 6 bætt við vegna góðrar sölu). Veturinn 2018 - 2019 er boðið upp á flug frá byrjun desember fram yfir miðjan mars, föstudaga og mánudaga). Vorið 2019 hefst beint flug Voigt Travel til Akureyrar frá Rotterdam í Hollandi, frá 27.mai til 9.september, á mánudögum. Bæði flugfélögin stefna einnig á flug veturinn 2019/2020. Búið er að fjármagna bættan aðflugsbúnað og uppsetning hafin - sem bæta mun möguleika flugfélaga að fljúga beint til Akureyrar.
13	Pólitískur þrýstingur á millilandaflug	● Bæjarstjórn hefur beitt sér meira en áður í málinu
14	Stjórn AKS / bæjarstjórn þrýsta á endurb. flugvallar	● Bæjarstjórn hefur beitt sér meira en áður í málinu og þrýst markvisst á
3. Hjartað í Vaðlaheiðinni slær		
15	Hjartað slái á árinu 2020	● Vinna hefur dregist (upprunalegt markmið 2018) en er í stöðugri vinnslu, búið er að smíða frumgerð að ljósi sem nota á í hjartað og verði er að prufuleyfa ljósið áður en farið verður út í endanlega smíði, kostnaðaráætlun, fjármögnun og uppsetningu. Áætlað er að hjartað verði tilbúið árið 2020.
4. Fimm til tíu nýir afþreyingarmöguleikar verði til á Akureyri á næstu fimm árum		
16		● Þetta markmið hefur náðst og gott betur. Árið 2017 bættist við nýtt hvalaskoðunar fyrirtæki (Keli tours), Norðurlóðsafnið, hvalaskoðunarferðir að vetri, skipulagðar ferðir með bát til Hríseyjar, Art & City walk á Akureyri, Akureyri Escape auk nýjunga í næsta nágrenni eins og Björböðin, Standup paddle boarding Hjalteyri, Brúnir horses, Bjórferðir, nýr göngu-/hjólástígur milli Akureyrar og Hrafnagils og ný sýning í vinnslu á Kristnesi um sögu Berkjana "Hælið". Á árinu 2018 hófu starfsemi Arctic Fox Travel: Super jeep tours, Iceland Photo Travel, Akureyri Love Bike, Hop on – Hop off bus í tengslum við stærri skemmtiferðaskipakomur, Akureyri Activities auk þess boðið var upp á nýjungar hjá eldri fyrirtækjum eins og SBA Norðurleið og Arctic Trip. Árið 2019 stefnir í nokkur ný fyrirtæki og nýjungar eins og Þylufurðir hjá Circle Air, Akureyri walk and visit og Venture North ferðir á róðrabrettum. Einnig hafa Listasafnið á Akureyri og Sundlaug Akureyrar farið í gegnum miklar lagfæringar og breytingar og bjóða nú upp á enn betri þjónustu. Hlíðarfjalli fær nýja stólaflýtu og ferðamannavegurinn Arctic Coast Way verður opnað vorið 2019. Einnig hafa bæst við upplýsingar um aðstöðu til fuglaskoðunar - fuglabæklingur fyrir Eyjafjörð, nýji strandstígurinn, nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey, söguskilti ofl. Nýir viðburðir eins og Akureyri Summergames, Listasumar endurvakið og Sólstöðuhátíð í Grímsey auk Barnamenningarhátíðar á Akureyri.
17	Markvisst unnið að stuðningi við nýsköpun og hvatt til aukinnar vörupróunar á sviði ferðaþjónustu á Akureyri.	● Gæti verið markvissara en verkefni sem snúa að nýsköpun eins og Start-up kynnt innan ferðaþjónustuhópsins, eins er öllum sem hafa samband hvattir til að sækja um í Start-up Tourism og vísað á t.d. AFE, frumkvöðlasetrið "Verksmiðjan", Impru - Nýsköpunarmiðstöð, Ferðamálastofu og Markaðstofu Norðurlands auk þess sem Akureyrarstofa veitir alla þá aðstoð sem hún getur veitt.
5. Viðburðir sem höfða til ferðamanna verði efdir og þeim fjölgað, á tímabilinu september til maí.		
18	Akureyrarstofa vinni í ágúst á ári hverju yfirlit yfir viðburði næsta árs og sendi út á ferðaskrifstofur og aðra hagsmunaaðila. Viðburðahaldarar hvattir til að ákveða dagsetningu viðburða eitt til tvö ár fram í tímann. Lögð verði áhersla á að stýra nýjum viðburðum inn á tímabil þar sem lítið er um að vera til að forðast árekstra og þétta viðburðaárið.	● Akureyrarstofa vinnur yfirlit yfir viðburði næsta árs í ágúst og sendi út á ferðaskrifstofur og aðra hagsmunaaðila auk þess sem yfirlitin eru aðgengileg á vef bæjarins www.visitakureyri.is og einnig sett inn á viðburðadagatalið. Dagskrá hvers viðburðar sett inn um leið og hann er tilbúinn. Markvisst er reynt að forðast árekstra að við aðra viðburði og hvatt til að setja nýja viðburði inn á tímabil sem lítið er um að vera á. Nýir viðburðir sem Akureyrarstofa hefur komið að er t.d. Hruturinn og Barnamenningarhátíð á Akureyri sem bæði eru haldi á "rólegum tímabilum" þ.e. mars og apríl.
19	Viðburðahaldarar hvattir til að búa til kynningarefni á bæði íslensku og ensku til að jafnt innlendir sem erlendir gestir geti aflað sér upplýsinga um innihald og áherslur viðburða.	● Fleiri viðburðir en áður eru með upplýsingar á ensku auk þess sem starfsmenn Akureyrarstofa aðstoðað eins og hægt er við þýðingar og settar eru a.m.k helstu atriði hvers viðburðar inn á punktarpóst / What's on og viðburðadagatal á ensku.
20	Akureyrarbær setji sér á hverjum tíma stefnu um hvaða viðburði mest áhersla er lögð á m.t.t. þátttöku í framkvæmd og markaðssetningu.	● Viðburðir hafa verið flokkaðir eftir mismikilli aðkomu AKS - endanleg forgangsröðun eftir
21	Settur á fót ráðstefnuklasi sem hefur það að markmiði að efla stærri fundi á Akureyri og fjölga þeim.	● Þorgeir Pálsson var ráðin verkefnastjóri yfir verkefni sem Akureyrarstofa, Markaðstofa Norðurlands og Menningarfélag Akureyrar sóttum um styrk í til Uppbyggingarsjóðsins. Hann vann skýrslu sem felur í sér yfirlit yfir alla þá aðstöðu sem fyrir hendi fyrir ráðstefnur og fundi á Norðurlandi og skoðaði þar að auki mögulegar lausnir á slíkum ráðstefnuhóp, markaðsetningu og næstu skrefum. Skýrslunni var skilað vorið 2018. Í framhaldi af þessari vinnu hefur verið sótt um styrki sem ekki hafa fengist - en MAK og Akureyrarstofa stefna að frekari uppbyggingu verkefnisins í samstarfi við aðra hagsmunaaðila er snýr að Akureyri á þessu ári. Unnið var sérstakt ráðstefnuþema fyrir Hrísey haustið 2018 í samstarfi við Ferðamálafélagið í Hrísey, bæði á heimasíðu þeirra, fjölpóst og farið í markpósta áttak.
22	Á Akureyrarstofu verði ávalt til uppfærður kynningarpakki um bæinn sem fyrirtæki/stofnanir, félagasamtök og íþróttafélög fá til afnota með það að markmiði að hvetja forsvarsfólk til bjóða heim fundum, þingum og íþróttamótum.	● Til er kynningarpakki sem kynntur var og hver sem má nota til kynningar á Akureyri sem viðburða- og ráðstefnustað, en þörf er á að uppfæra hann og er það eitt af markmiðum vinnunnar hér fyrir ofan. Stefnt á að ljúka fyrir árslok 2019
23	Akureyrarstofa og forstöðumaður íþróttamála standi fyrir árlegum samráðsfundi íþróttafélaga á Akureyri.	● Ekki hafið

Innviðir		
1. Aðgengi að helstu ferðamannastöðum verði tryggt allan ársins hring		
24	Tekið tillit til vinsælla áfangastaða ferðamanna innan sveitarfélagsins þegar kemur að snjómokstri og hálkuvörnum.	● Gerð verður könnun í veturinn 2019 meðal ferðabjónustuaðila til að skoða hvar þurfi helst að gera úrbætur. Á heimasíðu bæjarins www.akureyri.is má finna yfirlit sem sýnir forgangsröðun stígakerfis bæjarins. Einnig má kynna það betur þannig að betur megi leiðbeina gestum um bæinn.
25	Aukinn þrýstingur verði settur á stjórnvöld um að tryggja heilsársaðgengi að vinsælustu áfangastöðum ferðamanna á Norðurlandi.	● Bæjarráð hefur m.a. bókað eftirfarandi mál: *14.mars 2019 Mál 2019030077 varðandi framtíð Reykjavíkurlugvallar *18. sept. 2018 Mál 2018010214 varðandi uppbyggingu á Akureyrarflugvelli *19. júlí 2018 Mál 2018020138 Akureyrarflugvöllur - aðflugsbúnaður *5. des 2017 Mál 2017100182 Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga þar sem m.a. er dregið fram framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurlugvallar, eldsneytisjöfnun í millilandaflugi í tengslum við millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða, flughlað á Akureyrarflugvelli sem og Dettifossvog. *7. mars 2017 Mál 201604016 Niðurskurður á samgönguáætlun Alþingis. Þar sem því er lýst er yfir óánægju yfir niðurskurðinum sem leiða mun til þess að þriðja áfanga Dettifossvogar munu ekki klárast á árinu 2018 líkt og stefnt var að og eins sé flughlaðið ekki á áætlun. Áframhaldandi fjársvelti til samgöngumála getur leitt til hruns í samgöngukerfinu sem mun koma hart niður á umferðaröryggi, ferðabjónustu, öðrum atvinnugreinum og íbúum landsins.
26	Heimsóknir á upplýsingasiður bæjarins tvöfaldist á næstu fimm árum	● Almenn þróun er sú að heimsóknum á heimasíður fjölga hæggar en áður var, á meðan heimsóknur á samfélagsmiðla fjölga mjög. Akureyri.is: Notendur (IP-tölur) Síðuflettingar 2017 167.076 1.557.161 2018 160.094 2.132.360 Visitakureyri: Notendur (IP-tölur) Síðuflettingar 2017 207.815 765.435 2018 202.772 710.827 1. jan 2018 1. jan 2019 Akureyrarbær á Facebook (fylgja): 4.841 6.402 Visitakureyri á Facebook (fylgja): 5.127 6.752 Komdu norður á Facebook (fylgja): 4.328 4.610
27	Rafræn þjónusta Akureyrarbæjar eflað enn frekar hvað snýr að upplýsingagjöf til ferðamanna.	● Ný heimasíða www.visitakureyri.is er í hönnun og verður tekin í notkun vorið 2019 og verður þar tekið sérstakleg tillit til þessa
28	Myndabanki Akureyrarstofu styrktur enn meira.	● Reglulega eru teknar myndir og birtar á samfélagsmiðlum til að markaðssetja bæinn, myndir sem nýtast líka til að miðla til aðila sem selja bæinn og á heimasíðum bæjarins
29	Rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna styrktur.	● Afgreiðslutími miðstöðvarinnar hefur verið aukinn smám saman á vorin og haustin. Hins vegar hafa sölutekjur hennar dregist saman og reksturinn því óruggur. Framlög ferðamálastofu hafa dregist saman - sama krónutala síðasta áratug. Haustið 2018 stefndi í að Ferðamálastofa hætti stuðningi við rekstur upplýsingamiðstöðva um allt land. Þrýsta þarf á aukin stuðning við mikilvæga upplýsinga- og öryggisþjónustu.
2. Framboð á námskeiðum fyrir starfsfólk í ferðabjónustu verði aukið		
30	Kortlagning námskeiða til að auka gæði ferðabjónustu á Akureyri.	● Hæfnissetur ferðabjónustunnar vinnur að utanumhaldi og kynningu á því fjölbreytt úrval námskeiða og náms sem er í boði auk þess sem þeir aðstoða við að sérhanna námskeið fyrir þá sem óska og leita úrlausna á því sem skortir. AKS hvetur aðila í ferðabjónustu til að nýta Hæfnisetrið og kynni þjónustu þess.
3. Byggð verði samgöngumiðstöð		
31	Samgöngumiðstöð þar sem tekið er tillit til þarfa ferðabjónustunnar þar sem m.a. öllum helstu samgönguleiðum á landi til og frá Akureyri er komið fyrir á einum stað.	● Þarfagreiningu lauk árið 2016. Ákvörðun tekin af skipulagsyfirdöðum og í bæjarstjórn Akureyrar - frekari ákvörðun eða tímasetning hefur ekki verið tekin
4. Aukið samstarf sveitarfélagsins, Hafnarsamlagsins og hagsmunaaðila vegnaskemmtiferðaskipa		
32	Hafnarsamlag Norðurlands geri stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir lok árs 2017 í samstarfi við sveitarfélagið og hagsmunaaðila.	● Stefnt að því að hefja þessa vinnu á árinu 2019 en framundan er mikill vöxtur í greininni og því þörf á að hafa góða yfirsýn yfir málaflökinn
33	Leitað verði eftir fjárfestingu einkaaðila í afþreyingarmöguleikum sem hafa mjög mikið aðdráttarafl þannig að meirihluti ferðamanna heimsæki eða nýti sér.	● Einn einkaaðili a.m.k hefur sýnt því áhuga að reisa klárflytu í Hlíðarfjalli. Verkefnið á frumstigi. Til skoðunar er fjárfesting í böðum/heilsulind tengt heitu vatni úr Vaðlaheiðargöngum.
Vistvæn og græn		
1. Akureyri verði grænn ágangastaður		
34	Umhverfisnefnd Akureyrarbæjar vinnur nú þegar að því að setja sveitarfélaginu umhverfis- og samgöngustefnu þar sem m.a. almenningssamgöngukerfi innan Akureyrar er tekið til endurskoðunar. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki árið 2016.	● Umhverfis og samgöngustefnan var samþykkt í lok árs 2016. Í stefnunni voru um 50 verkefni. Árið 2019 er unnið að endurskoðun hennar, nokkur verkefni búið og verið að hugsa um ný verkefni inn í stefnuna
35	Ferðabjónustufyrirtæki verði hvött til að spegla metnaðarfulla umhverfisstefnu Akureyrarbæjar með upplýsingum og fræðslu til viðskiptavina, auk sýnileika í þátttöku í umhverfismálum í eigin starfsemi.	● Vistorka hefur komið á súpufund og kynnt umhverfisverkefni eins og t.d. Leif Arnar. Auk þess sem upplýsingum hefur verið miðlað á samfélagsmiðlahóp ferðabjónustuaðila. Fá þarf fulltrúa frá Umhverfis og mannvirkjasviði inn á fund haustið 2019. Mætti aðgerðabinda betur.
36	Ferðabjónustuaðilar á Akureyri verði hvattir til að miðla upplýsingum um flokkun sorps í sveitarfélaginu til ferðamanna. Sveitarfélagið útbúi aðgengilegar upplýsingar sem ferðabjónustuaðilar geti nýtt að þessu marki.	● Nokkrir ferðaskipuleggjendur hafa þróað sérstakar ferðir með áherslu á umhverfisvænar lausnir auk þess að kynna það sem gert er í umhverfismálum í bænum. Eftir er að vinna að hentugum upplýsingum fyrir ferðamenn til að hafa t.d. á gististöðum.

37	Í öllu kynningarefni sem Akureyrarbær sendir frá sér verði reynt að koma á framfæri áherslu sveitarfélagsins á umhverfisgæði og umhverfismál.	●	Áherslu bæjarins er komið á framfæri við móttöku erlendra gesta á vegum Akureyrarbæjar og í kynningum. Ný heimasíða www.visitakureyri.is er í hönnun og verður þar tekið sérstakleg tillit til þessa.
38	Flokkunartunnur verði settar á fjölförnum leiðum til að gera flokkunina sýnilegri.	●	Búið er að setja upp grendarstöðvar auk þess sem finna má flokkunartunnur á 2 stöðum í miðbænum og árið 2019 er stefnt að því að setja slíkar tunnur á útivistarsvæðin.
2. Ferðaþjónustufyrirtækjum í Vakanum fjölgi um fimm á ári næstu þrjú árin			
39	Í samstarfi við Ferðamálastofu verði kynnt reglulega hvaða fyrirtæki eru þátttakendur í Vakanum og þýðingu þess	●	Til skoðunar að taka þessa aðgerð út - það sé í höndum fyrirtækjanna sjálfra að vekja athygli á þátttöku sinni í Vakanum. En Vakinn hefur verið kynntur á súpufundi ferðaþjónustunnar og reglulega minnt á hann. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri varð þátttakandi í Vakanum á árinu 2018.
3. Allir veitingastaðir á Akureyri verði komnir með Vistorkuvottun			
40	Komið verði á vottunar- og hvatningarkerfi fyrir veitinga- og gististaði um að flokka lífrænan úrgang frá öðru rusli.	●	Innleiðing á verkefninu hófst í nóvember 2016 og er vottunar- og hvatningarkerfið þrjúþætt: Lífrænum úrgangi er skilað í Moltu, notaðri steikingarolíu skilað í Orkey og gestum boðið upp á „Leif Arnar heim – boxið“. Beðið upplýsinga um stöðuna á verkefninu 2019.
41	Unnið verði að því að kynna Akureyri sem vistvænt og kolefnishlutlaust sveitarfélag í samstarfi við Vistorku. Sérstök áhersla verði á að draga fram þau fyrirtæki sem vinna að vistvænum lausnum og kynna starfsemi þeirra.	●	Unnið hefur verið margvíslegt kynningarefni bæði texti og myndefni. Þarf að koma með mun markvissari hætti á framfæri við ferðamenn. Á endurnýjuðum vef visitakureyri.is verður gerð bragarbót á þessu.
Útivist			
1. Framboð á sjávarhengdri afþreyingu tengdri Pollinum aukist um 20% næstu fimm árin			
42	Teknar verða saman árlega upplýsingar um fjölda gesta og framboð ferða.	●	Í samstarfi við ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á ferðir á/við Pollinn er haldið utan um tölulegar upplýsingar svo sem fjölda gesta auk framboðs og tímabil ferða.
43	Pollurinn og sjávarhengd afþreying: Haldnir verði a.m.k. einu sinni á ári fundir með hagsmunaaðilum til að ræða nýtingu svæðisins og huga að framtíðarþróun.	●	Hefur ekki verið gert en mikilvægt enn frekar en áður að hitta aðilana þar sem mikil aukning hefur orðið á hafnarsvæðinu nú þegar og fyrirsjáanlegur mikill vöxtur á næstu árum (amk á sumrin).
44	Pollurinn verði hreinn og heilnæmur. Mengunarvarnir og skolpmál verði eins og best verður kosið.	●	Norðurorka er að byggja nýja hreinsistöð fráveitu fyrir allt skólp frá Akureyri við Sandgerðisbót á Akureyri með það að markmiði að strandsvæðið sé hreint og hæft til útivistar. Byggingin stöðvarinnar er langt komin og er stefnt á að hún verði opnuð/tekin í notkun árið 2020.
45	Unnið verði að enn frekari uppbyggingu strandlengjunnar meðfram Pollinum.	●	Stígurinn tilbúinn og Samkomubrúin var vígð árið 2018. Hönnun fyrir stíginn gerði ráð fyrir bryggjum og hjöllum en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um hvort það verði gert.
2. Útivistarkostum í bæjarlandinu verði fjölgað og unnið að því að bæta þá sem þegar eru til staðar svo sem Hlíðarfjall, Lystigarðinn, Kjarnaskóg og Óshólmana.			
46	Sérstök áhersla verði lögð á að kynna gönguleiðir í bænum, meðal annars með því að hafa aðgengileg kort og GPS punkta yfir leiðirnar.	●	Göngu- og hjólastígar hafa verið kynntir m.a. á visitakureyri.is , gerður var samningur við "Wappið" um valdar gönguleiðir í snjallsíma. Uppfæra þarf kort af göngu og hjólaleiðum en unnið er að nýju stíga- og hjólaskipulagi fyrir allan bæinn. Einnig má nálgast upplýsingar á Trailfork.com .
47	Samfara uppbyggingu virkjunar í Glerárdal verði unnið markvisst að því að kynna og þróa dalinn sem útivistarsvæði.	●	Fallorka – dótturfélag Norðurorku hefur unnið að uppbyggingu virkjunar á Glerárdal sem gangsett var árið 2018. Samhliða framkvæmdunum var lögð fallpípa fyrir virkjunina og ofan á henni byggður rúmlega 6 km langur göngu- og hjólastígur sem nota má sem skíðaleið á veturna. Stígurinn liggur frá Réttarhvammi og upp með Glerá að vestan. Eftir er að tengja stíginn við gatnamótinn að Hlíðarfjallsvegi og mun það klárast á árinu 2019. Fallorka mun koma fyrir fræðsluskiltum á nokkrum stöðum meðfram stígnum og hugsanlega bekkjum. Hönnun leiðar verður undir brú á Glerá sem tengist stíg við Hlíðarbraut - er í vinnslu 2019.
48	Áframhaldandi þróun og uppbygging á aðstöðu til fuglaskoðunar í sveitarfélaginu, meðal annars með stígagerð og byggingu skýla. Sérstaklega verði litið til samstarfsverkefna með öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi um markaðssetningu og kynningu fuglastíga.	●	Fuglaskoðunarbæklingur fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið er tilbúinn og er í dreifingu. Verið er að skoða aðstöðu til fuglaskoðunar í Grímsey t.d. Mögulegt fuglaskoðunarskýli - frekar en fuglaskoðunarrús.
3. Á öllum útivistarsvæðum sveitarfélagsins og helstu gönguleiðum verði fræðslu- og upplýsingaskilti um viðkomandi svæði.			
49	Vegvísun fjölgað og bætt við upplýsingaskiltum.	●	Sumarið 2017 var sett upp bann-skilti við næturdvöl á bílastæðum og útskotum á nokkrum völdum stöðum í bænum sem gafst vel. 2018 voru settar upp 6 söguvörður meðfram Strandveginum sem segja sögu Oddeyrarinnar. Gerð var könnun árið 2018 til að finna þá staði þar sem þörf er á úrbótum varðandi vegvísa og verður unnið í þeim á árinu 2019. Árið 2019 verður sett upp nýtt söguskilti í Hrísey sem segir sögu Öldu og Holts og stefnt á að setja upp skilti um Heimskautsbauginn í Grímsey.
50	Upplýsingar um fjallahjólastíga í bæjarlandinu verði aðgengilegar á vef Akureyrarbæjar	●	Hjólreiðafélag Akureyrar hefur teiknað upp kort af öllum hjólaleiðum í Kjarnaskógi, Fálkafelli og Hlíðarfjall og eru þær upplýsingar aðgengilegar á vef bæjarins www.visitakureyri.is . Fleiri hjólaleiðir eru í bæjarlandinu og er eftir að gera þeim betur skil en sú vinna er í gangi sbr. nr. 46.

Menning		
1. Aukinn þjónusta safna við ferðamenn og ferðaskipuleggjendur		
51	Stjórn Akureyrarstofu móti safnafestnu fyrir sveitarfélagið. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2017.	● Í vinnslu og lýkur fyrir árslok 2019
52	Á öllum söfnum sé til kynningarefni á öðrum tungumálum en íslensku, ekki síst á heimasíðum, auk þess boðið sé upp á viðburði/leiðsagnir fyrir erlenda	● Söfnin hafa verið hvött til að bæta úr og boðin aðstoð við að laga það sem betur má fara.
53	Afgreiðslutími utan sumars verði lengdur og verðskrár vegna sértækra opnanna og annarrar þjónustu verði sýnilegri.	● Árið 2016 voru söfn almennt bara opin utan háannar á laugardögum í upb. 2 klst. Mikil breyting hefur orðið á því Minjasafnið hefur aukið vel við sinn afgreiðslutíma og það sama á við um Listasafnið. Minjasafnið er opið alla daga frá 13-16, Listasafnið er opið alla daga frá 12-17, lónaðarsafnið er opið mán-lau frá 13-15, Norðurlóðasýningin opin mán - fös 11-18, lau-Sun 11-17 og önnur söfn á laugardögum. Með punktapósti sem sendur er út vikulega er afgreiðslutími safna kynntur.
2. Aukinn fjöldi menningarviðburða sem hentar ferðamönnum verði í boði.		
54	Þjófna upp á menningarviðburði og/eða aðrar uppkomur sem henta innlendum og erlendum ferðamönnum í samstarfi við stofnanir á vegum Akureyrarbæjar, Menningarfélag Akureyrar og aðra áhugasama.	● Leikfélag Akureyrar gerði tilraun með leikverk sérstaklega ætlað ferðamönnum. Ekki varð framhald á því. Nokkrir einkaaðilar hafa gert það sama en aðsókn ekki reynt nægjanleg. Kanna þarf hug framleiðanda viðburða til þessarar aðgerðar, möguleikar eru án efa til staðar.
55	Gætt verði að því að dagskrá Listasumars á Akureyri höfði jafnt til ferðamanna sem heimafólks og að áhersla verði lögð á að kynningarefni sé bæði á íslensku og ensku.	● Viðburðir hafa höfðað til ferðamanna en sértækt kynningarefni hefur ekki verið á ensku.
3. Að komið verði á árlegri matarmenningarhátíð Local Food Festival		
56	Stutt verði við matarmenningu svæðisins	● Til skoðunar: Á endurnýjuðum vef visitakureyri.is verður útbúið sérstakt kynningarsvæði þar sem matartengd sérkenni svæðisins verða dregin fram; matvælaframleiðsla á svæðinu og þekktar framleiðsluvörur
57	Akureyrarstofa styðji við Local Food Festival hátíðina með því að sitja í stýrihóp verkefnisins og vinna að þróun, framgangi og kynningu hátíðarinnar.	● Hátíðin er haldin annaðhvert ár. Árið 2019 hefur hátíðinni verið breytt líttilega, flutt frá hausti yfir í mars og haldin í Hofi í stað Íþróttahallarinnar. Akureyrarstofa er með fulltrúa í verkefnastjórn hátíðarinnar auk þess að styrkja hátíðina.
Hrísey		
1. Hrísey verði sköpuð sérstaða sem Perla Eyjafjarðar og öll uppbygging taki mið af þeirri sérstöðu		
58	Hönnun á útliti og skipulagi út frá sérstöðunni. Unnið verði að hönnun eyjarinnar sem áfangastaðar í samráði við íbúa, t.d. með hönnunarsamkeppni eða öðrum sambærilegum leiðum til að marka eyjuni enn frekari sérstöðu.	● Hannað og samþykkt var deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Hrísey. Unnið hefur verið með stígakerfi eyjarinnar og sett upp varanleg skilti meðfram gönguleiðum auk vegvísa. Þörf er á frekari vinnu á þessu sviði
2. Aukinn fjöldi affreyngingarmöguleika og þjónustu		
59	Haldin verði námskeið og vinnustofur, auk þess sem áhugasamir verði hvattir til þátttöku í nýsköpunarverkefnum	● Hefur ekki verið gert.
60	Sjósundsastaðan þróuð áfram og tengd sundlauginni. Kynning á aðstöðunni verði eflid.	● Verið að skoða lagfæringar á núverandi aðstöðu sem hefur skemmt. Í tengslum við vegaförumverndir sem fram fara í sumarið 2019 stendur til í að laga aðstöðuna og í framhaldinu verður hægt að fara að kynna hana markvisst. Einnig hefur verið sótt um styrki til að koma upp heitum pottum - sem ekki hefur fengist fjárveiting í.
61	Farið verði í að þróa og kynna aðstöðu fyrir minni fundi og ráðstefnur í eyjuni.	● Verkefnið í gangi / búið að hluta þ.e. Búið að búa til kynningarefni bæði í formi dreifibréfs og inn á heimasíðu www.hrisey.is. Átak var gert í markpósti og auglýsingum haustið 2018
3. Fjölgun ferðamanna		
62	Unnið að aukinni markaðssetningu þar sem lögð er áhersla á sérstöðu eyjunnar.	● Markaðsáttak er í vinnslu á árinu 2019 fyrir Hrísey, búið er að uppfæra heimasíðuna, búið að stofna samfélagsmiðlasíður (Facebook og Instagram). Nú þegar eru skemmtiferðaskip farin að leggja leið sína í auknum mæli til Hríseyjar og búið að fara í markaðsáttak þars sem vakin er athygli á eyjuni sem ákjósanlegum stað fyrir fundi og ýmiskonar hópa, sbr. aðgerð 61.
63	Þrýst verði á bættar samgöngur milli Akureyrar og Hríseyjar með sérstaka áherslu á að komu- og brottfarartímar ferju og strætó vinni saman, auk þess að strætó aki niður að ferjuhöfn.	● Unnið hefur verið með Brothættum byggðum og send erindi til framkvæmdastjóra Eyþings varðandi úrbætur. Hér þarf frekari þrýsting svo eitthvað gerist og tryggja að inn í útboð á samgöngum verði farið fram á að tímaáætlanir stangist ekki á milli þessara tveggja samgangna. Ljóst er að þetta er hindrun í markaðssetningu og uppbyggingu ferðaþjónustu.

Grímsey		
1. Grímsey verði vinsæll áfangastaður og þekkt fyrir að vera nyrsta byggða búi Íslands		
64	Unnið verði að hönnun og uppbyggingu eyjarinnar sem áfangastaðar í samráði við íbúa þar sem sérstaklega verður byggt á sögu og sérstöðu Grímseyjar.	<p>● *Sólstöðuhátíðin í Grímsey hefur verið endurvakin og hefur Akureyrarstofa aðstoðað heimafólk með úmsóknir um styrki, markaðsetningu og dagskrá tengd viðburðinum. Einnig hefur einn dagskrárlíður verið flutningur Orbis et Globus sem er tákn um heimskautsbauginn sem er ein sérstæða eyjunnar - sem nyrsta byggða búi Íslands. Einnig er verið að endurvekja Heimskautsbaugshlaupið sem mögulega verður haldið í tengslum við sólstöðuhátíðina árið 2019.</p> <p>*Sett var upp nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn árið 2017 auk þess sem settir voru "aldar-steinar" sem sýna staðsetningu baugsins frá því að hann kom inn á eyjuna árið 1717, síðan 1817 og 1917.</p>
65	Aukinn markaðssetning þar sem lögð verði áhersla á sérstöðu eyjarinnar.	<p>● Styrkur fékkst í verkefnið frá Uppbygginarsjóðnum árið 2018 og fór verkefnið í gang á því ári. Gerð var markaðsrannsókn meðal gesta eyjunnar. Búin voru til stutt kynningarmyndbönd, teknar myndir og keyptar nokkrar ljósmyndir myndir og myndbandsbútar, heimasíða uppfærð, búnir til samfélagsmiðlasiður (Facebook og Instagram). Einnig var sett í gang markaðsátak sem er í gangi 2019, áfram verður unnið og stefnt á að gera sérstakt átak í kynningu á vetrinum í Grímsey í lok árs 2019</p>
2. Aukið hlutfall gesta sem dvelja lengur en dagspart í Grímsey		
66	Þrýst verði á fjölgun áætlunarferða til Grímseyjar allt árið og þá sérstaklega í apríl til september. Sérstaklega verði unnið að því að komu- og brottfarartímar ferju og strætó vinni saman. Einnig var fargjaldið lækkað töluvert sumarið 2018	<p>● Ferjuferðum til Grímseyjar var fjölgað úr 3 í 5 sumarið 2018, einnig var boðið upp á fleiri ferðir en áður veturinn 2018 - 2019. Sumarið 2019 verða ferðir einnig 5. Verð á ferjuferðum hefur sömuleiðis lækkað. Athuga þarf samt að flugsamgöngum til Grímseyjar hefur hrakað - áður var áætlunarflug daglega yfir sumartímenn frá sumrinu 2017 var það bara í boði í júní og síðan einungis 5 daga vikunnar í júlí og ágúst. Sem er mjög bagalegt þar sem margir vilja nýta sér þá þjónustu einmitt á besta tíma ársins. Skoða þarf hvort hægt sé að þrýsta á að það verði sett í útboðsgögn í flugi til Grímseyjar.</p>
67	Unnið verði að því að bæta aðstæður á tjaldsvæðinu svo það verði raunhæfur kostur fyrir gesti sem vilja dvelja yfir nótt.	<p>● Sumarið 2018 var tjaldsvæðið í Grímsey flutt frá Múla að sundlauginni í Grímsey þar sem gestir tjaldsvæðisins geta nýtt sturtur og baðherbergi sundlaugarinnar þar sem er heitt vatn. Bagalegt við þann flutning var að mikill hávaði er á staðnum frá Díselrafstöð eyjarinnar. Sumarið 2019 mun Rarik hinsvegar fara í úrbætur á Díselrafstöðinni, settar verða nýjar vélar sem eru ekki eins háværar og eins verða gerðar bætur á húsnæðinu. Við það batnar aðstaðan á tjaldsvæðinu til muna, einnig verður settur upp vaskur á sundlaugarbygginguna fyrir þvott á leirtaui og pottum. Mikilvægt er að tjaldsvæðið sé í lagi þar sem gististaðir eru af skornum skammti í eyjunni</p>
3. Fjölga störfum í ferðaþjónustu og hækka tekjur íbúa af ferðaþjónustu m.a. með söluafþreyingar, þjónustu og minjagripa.		
68	Grímsey: Haldin námskeið og vinnustofur.	<p>● Styrkur fékkst frá Uppbygginarsjóðnum árið 2018 til að vinna að hönnun minjagripa sem framleiddir yrðu í Grímsey, hönnun sem er eign heimamanna. Samið var við Leynivopnið um að vinna verkefnið með heimamönnum og verður verkefninu lokið árið 2019</p>